

Aðalfundur Gíggunnar, landssambands íslenskra kvennakóra, haldin fimmtudaginn 31. október 2019 kl. 20.00 í Vonarsalnum Efstaleiti 7 Reykjavík.

Stjórnarkonur og varamenn Gíggunnar:

Mættar:

Kolbrún Halldórsdóttir formaður, Kvennakór Reykjavíkur
Hólmfríður Anna Aðalsteinsdóttir varaformaður, Heklurnar
Astrid Sörensen gjaldkeri, Kvennakór Reykjavíkur
Dagbjört Lára Ottósdóttir ritari, Léttisveit Reykjavíkur

Fjarverandi:

Una Þórey Sigurðardóttir meðstjórnandi, Kvennakór Akureyrar

Varamenn mættar:

Aðalheiður Gunnarsdóttir

Varamenn fjarverandi:

Rósa Kristín Benediktsdóttir

Eftirtaldir aðildakórar sendu fulltrúa til aðalfundar:

Kvennakórinn Ymur – Jóna Björg Kristinsdóttir og Hrafnhildur
Kyrjurnar, Kvennakór – Hrefna Gunnarsdóttir
Kvennakór Suðurnesja – Aðalheiður Gunnarsdóttir og Guðrún K. Karlsdóttir
Vox feminae – Ásdís Björnsdóttir og Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir
Kvennakór Reykjavíkur – Álfheiður Ingólfssdóttir, Svanhildur Sverrisdóttir
Kvennakór Garðabæjar – Anna María Sigurjónsdóttir, Margrét Milla Sigurjónsdóttir
Kvennakórinn Seljur – Hulda Júlíussdóttir, Anna María Bragadóttir, Hildur Friðriksdóttir
Heklurnar – Herdís Halldórsdóttir, Guðrún Leósdóttir
Jórukórinn – Sólrún Þórðardóttir, Eva Rut Aðalbjarnardóttir
Léttisveit Reykjavíkur – Sólrún Ólína Sigurðardóttir
Grindavíkurdætur – Berta Dröfn Ómarsdóttir

Dagskrá aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar
3. Umræða um skýrslu og reikninga
4. Tillögur og lagabreytingar
5. Ákvörðun árgjalds
6. Kosning formanns
7. Kosning stjórnar og varamanna
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
9. Önnur mál.

Kolbrún Halldórsdóttir formaður setti fund og lagði til að Dagbjört yrði ritari og Hólmfríður fundarstjóri sem fundurinn samþykkti.

1. Skýrsla stjórnar.

Kolbrún formaður flutti skýrslu stjórnar 2018-2019

Kæru fundarkonur,

Aðalfundur Gígunnar 2018 var haldinn laugardaginn 20. október í Söngskólanum Domus Vox. Aðsókn á fundinn var afar dræm en ef frá eru taldar stjórnarkonur, mættu einungis 5 konur á fundinn. Var því sett met í fámenni og er það sannarlega von mín að það met verði seint slegið.

Stjórn var óbreytt frá starfsárinu á undan með einni undantekningu en Valgerður Hanna Úlfarsdóttir úr Kvinnakór Hornafjarðar gekk úr stjórn og stað hennar kom ný í stjórn Dagbjört Lára Ottósdóttir, frá Léttisveitinni – en hún er einn af reynsluboltum Gígunnar, fyrrverandi stjórnarkona og fyrrverandi formaður Gígunnar.

Í varastjórn gáfu kost á sér áfram þær Rósa Kristín Benediktsdóttir úr Kvinnakór Reykjavíkur og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir úr Kvinnakór Suðurnesja.

Dagbjört tók að sér að vera ritari í stað Unu og var stjórn Gígunnar starfsárið 2018-2019 því þannig skipuð:

Kolbrún Halldórsdóttir, úr Kvinnakór Reykjavíkur er formaður
Hólmfríður Anna Aðalsteinsdóttir úr Heklunum er varaformaður
Dagbjört Lára Ottósdóttir úr Léttisveit Reykjavíkur er ritari
Astrid Sörensen úr Kvinnakór Reykjavíkur er gjaldkeri og
Una Þórey Sigurðardóttir er meðstjórnandi

Varakonur í stjórn eru sem fyrr segir Rósa Kristín Benediktsdóttir úr Kvinnakór Reykjavíkur og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir úr Kvinnakór Suðurnesja.

Formlegir stjórnarfundir á starfsárinu voru þrír talsins en einnig var hópspjall á facebook notað mikið til óformlegri samskipta.

Undirritun samnings við Fjölís

Á síðasta aðalfundi var samþykkt að stjórn Gígunnar fengi fullt umboð til að ganga til samninga við Fjölís um heimild til afritunar og dreifingar á höfundavörðu efni í starfsemi aðildakóra sambandsins. Vinna við samningsgerðina hafði staðið undanfarin fimm ár, eldri samningar voru orðnir tæknilega úreltir og tóku ekki til stafrænnar afritunar eða rafrænnar dreifingar svo dæmi sé tekið. Einnig kom í ljós eftir heilmikla rannsóknarvinnu, sem unnin var í samvinnu við Gígjuna og Landssamband blandaða kóra, að nótur voru afritaðar í mun fleiri eintökum að meðaltali en gamli samningurinn kvað á um. Af því leiddu verulegar hækkanir á verðskrá Fjölís og því nauðsynlegt að gera nýjan samning við okkur.

Þann 13. febrúar síðastliðinn undirritaði ég svo samning fyrir hönd Gígunnar um lögmæta afritun á nótum og söngtextum. Samningurinn nær til hvers konar afritunar útgefna og höfundaréttarvarinna verka, íslenskra og erlendra, ásamt því að heimila geymslu stafrænna afrita á lokuðu svæði, vörðu með lykilorði sem einungis er aðgengilegt þeim sem sannanlega starfa í aðildakórum Gígunnar. Einnig heimilar samningurinn dreifingu afrita með stafrænum hætti en með stafrænni dreifingu er átt við þegar nótum og textum er dreift til kórkvenna án hinnar hefðbundnu útprentunar eða ljósritunar.

Með samningnum skuldbindur Gígjan sig til þess að sjá um innheimtu þessara gjalda fyrir Fjölís en einnig veitir Fjölís aðildakórum Gígunnar 52-58 % afslátt af núgildandi verðskrá gjaldanna, og miðast afslátturinn við stærð kóranna.

Þess má geta að Landssamband Blandaðra kóra hefur einnig undirritað sambærilegan samning og Karalakórarnir eru í vinnslu ef svo má segja.

Í vor hófum við svo innheimtu þessara Fjölskjaldar, en þau eru innheimt einu sinni á ári. Eins og við mátti búast þurftu einhverjir kórar nánari útskýringar á þessu öllu saman en innheimtan gekk vonum frammar og hafa langflestir kórar greitt fyrsta greiðsluseðilinn.

Þetta er mjög góður samningur við Fjöls og erum við í stjórn Gígjunnar ákaflega stoltar af því að hafa náð að sigla þessu í land í mjög góðu samstarfi við Helgu Sigrúnu Harðardóttur framkvæmdastjóra Fjöls.

Tónverkasjóður

Tónverkasjóður Gígjunnar lifir góðu lífi en engar umsóknir um styrki úr honum hafa borist á þessu starfsári – sem er kannski gott því þegar ný stjórn tók við á síðasta starfsári kom í ljós að þrátt fyrir mikla leit finnst hvergi upplýsingar um hvort, hvernig eða hversu mikið af tekjum Gígjunnar skuli færðar inn í sjóðinn. Af þessu tilefni hefur stjórn lagt til að nýrri grein verði bætt við lög Gígjunnar þannig að ákveðin prósent af aðildargjöldum kóranna verði lögð í Tónverkasjóð til þess að flæði fjármagns til hans sé tryggt. Mun sú tillaga verða til umfjöllunar undir liðnum Tillögur að lagabreytingum hér á eftir.

Nýir aðildakórar

Tveir nýir kórar hafa gengið í Gígjuna á þessu starfsári og sá þriðji er alveg á leiðinni. Fyrst ber að nefna nýstofnaðan kór frá Grindavík sem kallar sig Grindavíkurdætur en í honum eru tæplega 30 konur á aldrinum 30-40 ára og er stjórnandi hans Berta Dröfn Ómarsdóttir

Hinn kórinn er Kvennakór Húsavíkur. Hann var stofnaður í janúar 2016 og í honum eru 15 eldhressar kórkonur og er stjórnandi hans Ásta Magnúsdóttir

Einnig hefur Kvennakórinn Concordia sýnt áhuga á að ganga í sambandið en formleg skráning hefur ekki borist þegar þetta er skrifað.

Aðildakórararnir eru því orðnir 27 og kórkonurnar rétt um 1.000.

Er þetta okkur í stjórn mikið fagnaðarefni, því þó að það sé mikil gróska í kvennakóratarfi þá hafa nýir kórar ekki skilað sér inn í sambandið fyrr en nú.

Mögulega og mjög líklega hefur það með sýnileika Gígjunnar að gera en á fundum stjórnar á þessu starfsári sem og árum þar á undan hefur okkur verið tíðrætt um hvernig hægt sé að gera Gígjuna sýnilegri og meira lifandi fyrir aðildakóra sína. Áhugi á sambandinu virðist vera afar lítill eins og sýndi sig á síðasta aðalfundi.

Þessar vangaveltur tekur stjórn næsta starfsárs vonandi áfram og það er von mín að á komandi misserum verði farið í einhvers konar naflaskoðun eða stefnumótun á starfsemi Gígjunnar með það að markmiði að efla samtökin þannig að þau verði aðildarkórnum öflugur og sýnilegur bakhjarl.

Fyrir hönd stjórnarkvenna vil ég svo þakka aðildarkórnum fyrir samstarfið og sjálf vil ég þakka stjórnarkonum í stjórn Gígjunnar fyrir skemmtilegt og gott samstarf, ég hlakka til að starfa með ykkur nær öllum áfram á komandi starfsári – fái ég til þess tækifæri.

Reykjavík 31. október 2019,

Kolbrún Halldórsdóttir, formaður.

2. Reikningar.

Astrid gjaldkeri kynnir og fer yfir reikninga Gígjunnar.

3. Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga

Fjallað var um Tónverkasjóð Gígjunnar og hlutverk hans. Ekki lá fyrir í lögum Gígjunnar hversu miklu fjármagni skuli veitt inn í sjóðinn en undanfarin mörg ár hefur verið greitt inn í hann 30% af aðildargjöldum. Umræður sköpuðust um þetta

og nokkrar tillögur en síðan samþykkti fundurinn tillögu formanns um að greitt yrði í sjóðinn allt að 30% af aðildargjöldum (sjá breytillögu laga).

Þá var rætt um fjárhagsstöðu Gígjunnar og umræður sköpuðust um í hvað mætti nýta þá peninga sem væru til og komu ýmsar tillögur varðandi það. Hins vegar er ljóst að það fjármagn sem Gígjan hefur yfir að ráða, á aðallega að nota til að efla samskipti meðal kóra, styðja við bakið á þeim sem halda landsmót, veita fjármagn í tónsmíðar fyrir kóra og fleira í þeim dúr.

Skýrsla stjórnar og reikningar eru bornir upp til samþykktar og er samþykkt samhljóða.

4. Tillögur og lagabreytingar.

Stjórn lagði fram 3 tillögur að lagabreytingum sem voru eftirfarandi:

5. Grein

Aðalfundur fer með æðsta vald í sambandinu. Aðalfundur skal haldinn ár hvert að hausti fyrir 1. nóvember. Stjórn sambandsins skal boða til aðalfundar með bréfi til stjórna kóranna með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Í fundarboði skal koma fram dagskrá fundarins. Greint skal frá meginefni tillagna sem leggja á fyrir fundinn og lagabreytingartillögum ef einhverjar eru. Aðalfundir Gígjunnar eru opnir öllum en aðeins tveir fulltrúar hvers aðildarkórs Gígjunnar hafa atkvæðisrétt. Tillaga hlýtur samþykki ef helmingur atkvæðisbærra fulltrúa greiðir henni atkvæði sitt. Aðalfundur er lögmætur sé löglega til hans boðað. Almennur félagsfundur skal haldinn í tengslum við landsmót kvennakóra.

5. Grein – breytingatillaga

Aðalfundur fer með æðsta vald í sambandinu. Aðalfundur skal haldinn ár hvert að hausti fyrir 1. nóvember. Stjórn sambandsins skal boða til aðalfundar með bréfi til stjórna kóranna með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Í fundarboði skal koma fram dagskrá fundarins. Greint skal frá meginefni tillagna sem leggja á fyrir fundinn og lagabreytingartillögum ef einhverjar eru. Aðalfundir Gígjunnar eru opnir öllum en aðeins tveir fulltrúar hvers aðildarkórs Gígjunnar hafa atkvæðisrétt. Tillaga hlýtur samþykki ef helmingur atkvæðisbærra fulltrúa greiðir henni atkvæði sitt. Aðalfundur er lögmætur sé löglega til hans boðað.

7. Grein

Í stjórn sambandsins sitja fimm konur og þrjár konur í varastjórn. Tvær stjórnarkonur eru kosnar á hverju ári og formaður annað hvert ár. Stjórnin skiptir með sér verkum. Kjörtími stjórnarkvenna er tvö ár. Endurkosning stjórnarkvenna og varastjórnar er heimil. Varastjórn er kosin til eins árs í senn. Stjórn skal halda a.m.k. tvo fundi á ári.

Í stjórn sambandsins sitja fimm konur og tvær konur í varastjórn. Tvær stjórnarkonur eru kosnar á hverju ári. Formaður skal kosinn sérstaklega til tveggja ára og eftir það má endurkjósa hann til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Kjörtími stjórnarkvenna er tvö ár. Endurkosning stjórnarkvenna og varastjórnar er heimil. Varastjórn er kosin til eins árs í senn. Stjórn skal halda a.m.k. tvo fundi á ári.

11. Grein – ný grein

Gígjan rekur Tónverkasjóð Gígjunnar samkvæmt reglum sjóðsins. Allt að 30% af innheimtum árgjöldum Gígjunnar skulu lögð inn í Tónverkasjóð árlega.

Breytingartillaga kom fram á fundinum vegna 5.greinar og var hún samþykkt.

5. Grein – breytingatillaga - Samþykkt

Aðalfundur fer með æðsta vald í sambandinu. Aðalfundur skal haldinn ár hvert að hausti fyrir 15. nóvember. Stjórn sambandsins skal boða til aðalfundar með óbyggjandi hætt til stjórna kóranna með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Í fundarboði skal koma fram dagskrá fundarins. Greint skal frá meginefni tillagna sem leggja

á fyrir fundinn og lagabreytingartillögum ef einhverjar eru. Aðalfundir Gígjunnar eru opnir öllum en aðeins tveir fulltrúar hvers aðildarkórs Gígjunnar hafa atkvæðisrétt. Tillaga hlýtur samþykki ef helmingur atkvæðisbærra fulltrúa greiðir henni atkvæði sitt. Aðalfundur er lögmætur sé löglega til hans boðað.

Breytingatillögurnar eru samþykktar samhljóða.

5. Ákvörðun árgjalds.

Fundurinn samþykkir að halda óbreyttu árgjaldi.

6. Kosning formanns.

Kolbrún gefur kost á sér áfram sem formaður og er samþykkt með lófaklappi.

7. Kosning stjórnar og varamanna.

Una Þórey Sigurðardóttir gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn og gefur Pernilla frá Kvennakór Ísafjarðar kost á sér í staðinn. Aðrar stjórnarkonur gefa kost á sér áfram. Ný stjórn er samþykkt með lófaklappi og Unu Þórey þökkun vel unnin störf. Varamenn gefa einnig kost á sér áfram og eru samþykktar einróma.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Margrét Hreinsdóttir og Jóna Björg Kristinsdóttir gefa kost á sér áfram og eru samþykktar einróma.

9. Önnur mál.

Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir frá Kvennakórnum Vox feminae kvaddi sér hljóðs til að bera fram eftirfarandi tillögu til stjórnar:

„Tillaga um útgáfu kórverka sem samin hafa verið sérstaklega fyrir aðildarkóra Gígjunnar.

Lögð fyrir á aðalfundi Gígjunnar 31. október 2019.

Stjórn Gígjunnar hlutist til um að safna þeim kórverkum sem aðildakórar hennar látið semja eða útsetja fyrir sína kóra með útgáfu fyrir augum, rafræna eða á bók. Verkið yrði gefið út á Landsmóti kvennakóra í maí 2020.

Markmiðið með útgáfunni væri að gera þessi verk aðgengileg öllum kvennakórum og vekja athygli á frumkvæði kvennakóra við samningu íslenskra tónverka, jafnframt því að hvetja til frekari tónsmíða fyrir kvennakóra.

Verði tillagan samþykkt yrði skipaður starfshópur á aðalfundinum til þess að aðstoða stjórn við þetta verkefni. Það felst m.a. í því að hafa samband við tónskáldin og kórana, safna verkum saman, láta samræma og nótnasetja verkin að nýju, sækja um styrki til verksins og svo frv.

Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir

Félagi í kvennakórnum Vox feminae

Tillagan var rædd og þar sem svo stutt er til landsmóts og augljóst að mikil vinna liggur fyrir vegna þessa, ákvað fundurinn að óska eftir nokkrum konum í undirbúningshóp fyrir þessa vinnu og gáfu eftirfarandi konur kost á sér:

Álfheiður Ingólfsdóttir frá Kvennakór Reykjavíkur

Ásdís Björnsdóttir frá Vox feminae

Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir Vox feminae sem er flutningsmaður tillögurnar.

Stemmt er að því að reyna að gefa út þetta verk á 25 ára afmæli Gígjunnar árið 2023.

Næst komu þær Svanhildur Sverrisdóttir formaður Kvennakórs Reykjavíkur og formaður landsmótsnefndar og Álfheiður Ingólfssdóttir og kynntu fyrir fundinum stöðuna. Kvennakór Reykjavíkur hefur umsjón og heldur næsta landsmót og ljóst að mikil vinna er búin að eiga sér stað og ekki nærri búin, en allt er á áætlun. Landsmótið verður haldið í Reykjavík dagana 7.-9. maí 2020.

Þær fóru stuttlega yfir dagskrá mótsins sem enn er í mótun. Góð þátttaka er hjá kórum, en um 17 kórar hafa tilkynnt þátttöku eða um 700 konur.

Búið er láta semja landsmótslag en það er lag eftir Gunnstein Ólafsson við ljóð Ólafar Jónsdóttur frá Hlöðum er heitir „Hve elska ég þig gleði“ Var gaman að heyra frá þeim stöllum og ljóst að þetta verður hið glæsilegasta mót.

Nokkar umræður urðu um stöðu og hlutverk Gígjunnar. Tillögur um að Gígjan stæði fyrir námskeiðum af ýmsum toga komu upp og mun stjórn taka það fyrir á næsta fundi.

Ásdís Björnsdóttir frá Vox feminae kom upp og sagði frá málþingi sem Vox feminae stendur fyrir í tilefni 25 ára afmælis kórsins. Málþingið ber yfirskriftina **Kvenna megin** og fjallar um söng og samhljóm kvenna. Málþingið fer fram í Veröld- hún Vigdísar þann 9.nóv n.k.

Að lokum vorum konur hvattar til að hafa kórana sína meira sýnilegri á síðum Gígjunnar, eins og heimasíðu og fésbókarsíðu og vera duglegar að senda inn tilkynningar um tónleika og aðrar fréttir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 21.30

Fyrir hönd Gígjunnar,

Dagbjört Ottósdóttir